



Reykjavík, 22. ágúst 2024

MSS24080084

## TILLAGA

---

### **Tillaga Sósíalístaflokks Íslands um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi:**

Sósíalístaflokkurinn leggur til að eftirfarandi verði sett inn í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi: Verklagsreglur, þegar grunur vaknar um ofbeldi starfsfólks gegn börnum í skóla- og frístundastarfi, séu rýndar í samræmi við lög 19/2013. Farið sé eftir ábendingum lögreglu úr Úttekt: Ofbeldisvarnarmál Reykjavíkurborgar og tryggt að hvorki sé rætt við þolendur né gerendur þegar grunur vaknar um hvers konar ofbeldi og að aðilar sem grunaðir eru um ofbeldi séu ávallt sendir í launalaust leyfi þar til máli er lokið af hálfu lögreglu og dómstóla

#### **Greinargerð:**

Núverandi verklag samræmist ekki greinum 3. 4. og 19. Barnasáttmála: Börn eiga rétt á skilyrðislausri vernd þegar grunur vaknar um ofbeldi. Í núverandi verkferlum er það ekki svo þegar um ræðir grun um ofbeldi annað en kynferðisbrot eins og kemur fram í úttektinni.

Mikilvægt er að tryggja að stjórnendum skólaflokkanna sé ekki falið að nálgast barn um ofbeldi sem það hefur hugsanlega verið beitt af undirmanni stjórnandans heldur sé tryggð aðkoma fagfólks að málum en barnahús hefur sinnt slíkum samtölum. Eins skulu börn ekki sett í þá stöðu að þurfa að halda áfram í námi eða frístundum með grunuðum aðila. Mikilvægt er að ráðið sé ábyrgðaraðili að þessum lið til að tryggja öryggi barna.

Samkvæmt 3. grein laga nr. 19/2013 í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna skulu allar ákvarðanir teknar með hag barna að leiðarljósi, 4. grein sammingsins gerir ráð fyrir að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til að sjá til þess að hvert og eitt barn njóti allra réttinda Barnasáttmálans og 19. grein að stjórnvöld verndi börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi allra þeirra sem annast þau.

Í janúar 2023 kynntu fulltrúar Skóla- og frístundasviðs (SFS) skjalið „Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi“ sem samþykkt var 25. janúar 2023 af Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði.

SFS tók sér meira en ár í að uppfæra þessa verkferla eftir meiriháttar lagabreytingu í barnaverndarlögum frá því 1. janúar 2022 þar sem barnavernd kemur ekki lengur að rannsókn ofbeldismála í skóla- og frístundastarfi en betur má ef duga skal.



Í skýrslunni Úttekt: Ofbeldisvarnarmál Reykjavíkurborgar sem Kristín A. Hjálmarsdóttir vann fyrir Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð og er dagsett 25. apríl 2023 kemur fram í kafla 3.7.2 eftirfarandi texti: Hjá skóla- og frístundasviði eru sérstakar verklagsreglur um Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi, dags. 25. janúar 2023. Ekki var kallað eftir tölulegum upplýsingum um tíðni slíkra tilkynninga.

Í verklagsreglunum kemur fram að ef grunur er um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi og/eða öðru alvarlegu líkamlegu eða andlegu ofbeldi beri samkvæmt lögum að tilkynna mál til lögreglu og/eða Barnaverndar Reykjavíkur sem þá metur hvort óska eigi eftir lögreglurannsókn. Við gagnaöflun hafði komið fram að við forkönnun slíkra mála er mikil áhersla lögð á að ræða ekki við börn um atvikið sjálft til að spilla ekki rannsókn ef niðurstaðan verður sú að kæra mál til lögreglu. Það vakti því athygli að samkvæmt lið 5.1 í endurskoðuðum verklagsreglum er einungis kveðið á um að stjórnendur ræði hvorki við barn né starfsmann þegar grunur er um kynferðisbrot en afli upplýsinga um atvikið frá m.a. bæði meintum þolanda og meintum geranda ef grunur er um ofbeldi eða aðra óviðeigandi framkomu og virðist enginn greinarmunur gerður á því hvort um líkamlegt og/eða alvarlegt ofbeldi er að ræða eða ekki. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að nýlega endurskoðun verklagsreglnanna mátti rekja til ábendinga frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar um að ástæða væri til endurskoðunar.

Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði voru þær m.a. endurskoðar með aðkomu lögfræðings á mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs og mannauðsskrifstofu Ráðhússins en svo virðist sem ekki hafi verið leitað til lögreglunnar. Leitað var álitis lögreglu á lið 5.1 verklagsreglnanna og afstaða hennar er skýr: Það er álit lögreglu að enginn munur eigi að vera á viðbragði leikskóla og skóla hvort [sem] grunurinn beinist að líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Eina undantekningin frá þessu væri þegar bæði meintur brotþoli og meintur gerandi eru báðir nemendur og þ.a.l. báðir ósakhæfir. Þá sé eðlilegt að stjórnandi stofnunar afli upplýsinga, enda ólíklegt að slíkt mál verði að lögreglumáli.

Athygli er einnig vakin á því að svo virðist sem ekki sé gert ráð fyrir því að til staðar séu ráðgjafar og stuðningsteymi til að rýna mál með stjórnendum líkt og þegar tíðkast bæði vegna eineltis og kynferðislegra og kynbundinnar áreitni í skólum og frístund.

Samkvæmt reglunum situr því stjórnandi starfsstaðar einn uppi með þá miklu ábyrgð að skilgreina mál og ákveða viðbrögð. Það er því augljós ástæða til að endurskoða verklagsreglurnar. Minnt er á að ávallt skal hafa það sem er barni fyrir bestu í fyrirrúmi þegar ráðstafanir eru gerðar sem varða börn, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Þarna bendir skýrsluhöfundur á að ekki sé samræmi milli aðgerða í kynferðisbrotum og öðru líkamlegu ofbeldi og að í fyrra tilfellinu sé ekki rætt við þolanda (barn) en í öðrum ofbeldisbrotum sé það gert. Höfundur leggur áherslu á það að við forkönnun slíkra mála sé mikil áhersla lögð á að ræða ekki við börn um atvikið sjálft til að spilla ekki rannsókn ef niðurstaðan verður að kæra mál til lögreglu. Höfundur leitaði sérstaklega til lögreglu vegna þessa og er álit lögreglu afgerandi að þarna ætti engin munur að vera á



viðbrögðum í þeim tilfellum sem gerandi er fullorðinn einstaklingur en verkferlarnir fjalla eingöngu um slík tilfelli.

Í kaflanum Aðgerðir gegn EKKO (einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi) í skýrslunni Úttekt: Ofbeldisvarnarmál Reykjavíkurborgar stendur eftirfarandi:

Hjá skóla- og frístundasviði eru til sérstakar verklagsreglur vegna tilkynninga um óviðeigandi framkomu starfsfólks og ofbeldi gagnvart barni. Þær þarfnast rýningar.

Í lista yfir aðgerðir sem skýrsluhöfundur leggur til í þessum sama kafla stendur:

✓ Endurskoða verkferil og leiðbeiningar vegna óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi.

Það er því ljóst að mat óháðs fagaðila í ofbeldismálum sé að verkferlarnir í núverandi mynd þarfnist endurskoðunar og rýningar.

Sósíalistar hafa beitt sér fyrir slíkri rýningu eftir kynningu á verkferlunum í Mannréttinda- og ofbeldisvarnaráði í janúar 2023 og telja að bráðnauðsynlegt sé að gera breytingar tafarlaust svo ekki verði brotið frekar gegn réttindum barna.

Sósíalistar sendu þetta mál fyrst til Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs en var bent á að taka það fyrir í Skóla- og frístundaráði þar sem hægt væri að taka ákvarðanir um verkferlana.

Skóla- og frístundaráð synjaði því að taka verkferlana fyrir á þeim vettvangi á fundi ráðsins í október 2023. Á þeim sama fundi var kynning á verkferlum frá Skóla- og frístundasviði og ljóst að engar breytingar höfðu verið gerðar á verkferlunum í kjölfar úttektarinnar.

Hér á eftir fylgir útfærsla Sóssíalista á því hvernig lagfæra megi verkferlana í samræmi við úttektina sem mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð stóð fyrir.

1. Mjög mikilvægt er að ofbeldi sé skilgreint sem óviðeigandi hegðun. Börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi samkvæmt 19. grein Barnasáttmála. Samkvæmt 3. Grein Barnasáttmála skal ávallt gera það sem börnum er fyrir bestu og mikilvægt er að verkferilinn taki til ofbeldis en ekki aðeins annarar óviðeigandi framkomu. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að bæta megi inn orðunum: „líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi“ beint á eftir orðinu „Dæmi:“ sem er í 5. efnisgrein 4. kafla sem segir: „Óviðeigandi framkoma: Hvers kyns óviðeigandi framkoma í garð barns. Dæmi: harkaleg framkoma, vanvirðandi orðbragð, lífillækkun, líkamlegt inn grip sem gengur lengra en þörf er á til að tryggja öryggi o.fl.“ skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023 en í þeirri grein er skilgreind óviðeigandi framkoma.



2. Lögð hefur verið áhersla á að öll könnunarviðtöl og skýrslutökur fari fram í Barnahúsi þar sem talið er skaðlegt fyrir börn að þurfa að endurtaka framburð sinn og viðtöl um atburði geta einnig spillt fyrir málsmeðferð hjá dómstólum. Því ættu stjórnendur aldrei að ræða ofbeldi við börn. Þetta var ekki í fyrri verkferli og er ekki í samræmi 3. Grein Barnasáttmála sem leggur áherslu á að alltaf skuli gert það sem er börnum fyrir bestu og 19. grein barnasáttmála þar sem þetta getur fyrirsjáanlega eyðilaggt fyrir dómsmálum og gerendur hljóta vægari eða jafnvel engan dóm. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að taka megi út orðin „meintum þolanda“ sem koma fyrir í „Stjórnandi kannar málið með því að afla upplýsinga um atvik hjá þeim sem leggur fram kvörtunina, meintum geranda, meintum þolanda og eftir atvikum vitnum og tekur niður atvikalýsingu sem aðilar undirrita.“ í 2. málsgrein 5. kafla og í greininni i. Grunur um ofbeldi eða aðra óviðeigandi framkomu Vegna gruns um ofbeldi og/eða óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni aflar stjórnandi starfsstaðar upplýsinga um atvik hjá þeim aðila sem leggur fram kvörtunina, meintum þolanda, meintum geranda og eftir atvikum hjá vitnum og skráir atvikalýsingu hjá sér sem aðilar undirrita. Leggja þarf mat á hvort tilefni sé til að færa starfsmann til í starfi eða senda hann í launað leyfi á meðan málið er kannað. En greinin er í 1. efnisgrein 6. kafla skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023.
3. Samkvæmt 19. grein Barnasáttmála eiga börn rétt á vernd gegn öllu ofbeldi og mikilvægt að leitað sé upplýsinga frá öllum vitnum til þess að ekki sé hætt á að upplýsingar tapist ef val er gefið um að taka ekki vitnisburð frá öllum vitnum. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að taka megi út orðin „eftir atvikum“ sem koma fyrir í setningunni „Stjórnandi kannar málið með því að afla upplýsinga um atvik hjá þeim sem leggur fram kvörtunina, meintum geranda, meintum þolanda og eftir atvikum vitnum og tekur niður atvikalýsingu sem aðilar undirrita.“ í 2. efnisgrein 5. kafla skjalsins og í greininni i. Grunur um ofbeldi eða aðra óviðeigandi framkomu Vegna gruns um ofbeldi og/eða óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni aflar stjórnandi starfsstaðar upplýsinga um atvik hjá þeim aðila sem leggur fram kvörtunina, meintum þolanda, meintum geranda og eftir atvikum hjá vitnum og skráir atvikalýsingu hjá sér sem aðilar undirrita. Leggja þarf mat á hvort tilefni sé til að færa starfsmann til í starfi eða senda hann í launað leyfi á meðan málið er kannað. en greinin er í 1. efnisgrein 6. kafla skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023.



4. Mjög mikilvægt er að sá aðili sem verður vitni að atviki tilkynni það sjálfur beint til barnaverndar til þess að gera skýra grein fyrir því svo að börn njóti þeirrar verndar sem þeim ber samkvæmt 19. grein Barnasáttmála. Auk þess sinnir Barnavernd börnunum en ekki málefnum starfsmanna eftir lagabreytingu sem varð í janúar 2022. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að bæta megi inn orðunum „Sá sem verður var við eða fær upplýsingar um meinta óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni skal láta stjórnanda starfsstaðar vita eða tilkynna beint til Barnaverndar Reykjavíkur“ í 5. Efnisgrein 5. Kafla skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023.
5. Samkvæmt 19. grein Barnasáttmála eiga börn rétt á vernd gegn öllu ofbeldi. Mikilvægt er að starfsmenn sem eru grunaðir um ofbeldi gegn börnum séu ekki að vinna með börnum meðan á rannsókn stendur og ekki þurfi að fara eftir gildismati um hvað orðið „alvarlegt“ merkir. Ennfremur segir 3. grein Barnasáttmála að allar ákvarðanir um börn skuli vera teknar með hag þeirra að leiðarljósi og það er alltaf hagur barna að tilkynnt sé um grun á ofbeldi, hversu alvarlegt sem það er. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að orðinu „alvarlegu“ verði sleppt í setningunni „Ef grunur er um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi og/eða öðru alvarlegu líkamlegu eða andlegu ofbeldi ber að tilkynna mál til lögreglu og/eða Barnaverndar Reykjavíkur sem metur hvort óska eigi eftir lögreglurannsókn.“ í 6. efnisgrein 5. kafla skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023.
6. Verkefni barnaverndar er að vinna með málefni barnsins en lögregla rannsakar sekt geranda. Sú breyting varð í janúar 2022 að barnavernd kemur ekkert að málum geranda í skóla- og frístundastarfi. Mikilvægt er að atvik séu tilkynnt á báða staði svo börn njóti þeirrar verndar sem þeim ber samkvæmt 19. grein Barnasáttmála. Ekki er eðlilegt að barnavernd meti hvort láta eigi lögreglu vita þegar þau hafa ekki heimild til þess að vinna mál grunaðra á staðnum lengur. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekið verði út seinna tilfellið af „/eða“ og orðin „sem metur hvort óska eigi eftir lögreglurannsókn“ í setningunni „Ef grunur er um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi og/eða öðru alvarlegu líkamlegu eða andlegu ofbeldi ber að tilkynna mál til lögreglu og/eða Barnaverndar Reykjavíkur sem metur hvort óska eigi eftir lögreglurannsókn“ í 6. efnisgrein 5. kafla skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla,



grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023.

7. Mikilvægt er að viðbrögð við kynferðisbrotum og öðru ofbeldi séu samræmd svo börn njóti verndar gegn öllu ofbeldi eins og þeim ber samkvæmt 19. grein Barnasáttmála. Til viðbótar er það að grunað ofbeldisfólk vinni með börnum brot á 3. Grein barnasáttmála sem segir að allar ákvarðanir sem varða börn skuli teknar með þeirra hag í huga. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að bætt verði inn orðunum „og/eða annað ofbeldi“ á eftir orðinu „kynferðisbrot“ á þremur stöðum í greininni: i. Grunur um kynferðisbrot Ef grunur er um kynferðisbrot er brýnt að atvikið sé hvorki rætt við barnið né starfsmanninn, fyrr en starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur hafa talað við barnið og/eða metið stöðuna. Ef grunur er um kynferðisbrot skal senda starfsmanninn í launað leyfi á meðan málið er kannað. Greinin er í 1. efnisgrein 6. kafla skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023.
8. Börn skulu njóta verndar gegn öllu ofbeldi samkvæmt 19. grein Barnasáttmála og því er mikilvægt að ofbeldi annað en kynferðisbrot sé meðhöndlað með þeim hætti að ekki sé rætt við barnið og grunaðir starfsmenn skilyrðislaust settir í leyfi. Það að grunað ofbeldisfólk megi vinna með börnum er brot á 3. grein Barnasáttmála sem segir að allar ákvarðanir sem varða börn skuli teknar með þeirra hag í huga. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekin verði út orðin „ofbeldi eða“ og „ofbeldi og/eða“ i. Grunur um ofbeldi eða aðra óviðeigandi framkomu Vegna gruns um ofbeldi og/eða óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni aflar stjórnandi starfsstaðar upplýsinga um atvik hjá þeim aðila sem leggur fram kvörtunina, meintum þolanda, meintum geranda og eftir atvikum hjá vitnum og skráir atvikalýsingu hjá sér sem aðilar undirrita. Leggja þarf mat á hvort tilefni sé til að færa starfsmann til í starfi eða senda hann í launað leyfi á meðan málið er kannað. Greinin er í 1. Efnisgrein 6. kafla skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023
9. Samkvæmt 3. grein barnasáttmála skal taka ákvarðanir er snerta börn með þeirra hag í huga og hagur barna er að starfsmenn sem hafa hugsanlega sýnt óviðeigandi framkomu eða ofbeldi séu ekki að vinna með börnum meðan atvik eru könnuð. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekin verði út orðin „Leggja þarf mat á hvort tilefni sé til að færa starfsmann til í starfi



eða senda hann í launað leyfi á meðan málið er kannað.“ og sett inn orðin „Starfsmaður skal sendur í launað leyfi á meðan málið er kannað.“ Í eftirfarandi grein: i. Grunur um ofbeldi eða aðra óviðeigandi framkomu Vegna gruns um ofbeldi og/eða óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni aflar stjórnandi starfsstaðar upplýsinga um atvik hjá þeim aðila sem leggur fram kvörtunina, meintum þolanda, meintum geranda og eftir atvikum hjá vitnum og skráir atvikalýsingu hjá sér sem aðilar undirrita. Leggja þarf mat á hvort tilefni sé til að færa starfsmann til í starfi eða senda hann í launað leyfi á meðan málið er kannað. Greinin er í 1. Efnisgrein 6. kafla skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023.

10. Í fyrri verkferlum stóð: „Stjórnandinn fundar með forsjáraðilum barnsins eins fljótt og hægt er og upplýsir þá um málið.“ Það gefur augaleið að það er mikilvægt að funda með foreldrum þó að þeir tilkynni atvikið og sér í lagi þá til þess að tryggja að allar upplýsingar frá þeim hafi komist til skila. Það samræmist ekki hag barna miðað við 3. grein og 19. grein Barnasáttmála að sleppt sé að funda með foreldrum sem tilkynna og þessi breyting er því ekki til bóta fyrir börn. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekin verði út orðin „Ef tilkynnandi máls er annar en foreldrar“ í setningunni „Ef tilkynnandi máls er annar en foreldrar skal stjórnandi starfsstaðar funda með foreldrum barnsins eins fljótt og hægt er og upplýsa þá um málið.“ Í 2. efnisgrein kafla 5.1 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023.
11. Barnasáttmáli var lögfestur fyrir 10 árum á Íslandi og er alveg skýr um að það megi ekki beita börn ofbeldi (19. grein) og að allar ákvarðanir sem tengjast börnum skuli teknar með hag þeirra í hug (3. grein). Þess vegna eiga starfsmenn sem grunaðir eru um ofbeldi eða aðra óviðeigandi hegðun skilyrðislaust að vera í leyfi og stjórnendur ekki að vera settir í þá aðstöðu að þurfa að „meta“ eða „ákveða“ neitt um það. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekinn verði út kaflinn: Stjórnandi metur í samráði við mannauðs- og lögfræðipjónustu á skrifstofu skóla- og frístundasviðs hvort starfsmaður skuli sendur í leyfi á meðan könnun máls stendur, sbr. kafla 5.1 hér að framan. Þegar könnun stjórnanda starfsstaðar er lokið ákveður hann hver viðbrögð eru gagnvart starfsmanni m.a. með hliðsjón af kjarasamningi (svo sem leiðbeinandi samtal, áminning eða uppsögn) og nýtur stjórnandi ráðgjafar lögfræðipjónustu skóla- og frístundasviðs. í kafla 5.3 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í



leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. Janúar 2023.

12. Barnasáttmáli var lögfestur fyrir 10 árum á Íslandi og er alveg skýr um að það megi ekki beita börn ofbeldi (19. grein) og að allar ákvarðanir sem tengjast börnum skuli teknar með hag þeirra í hug (3. grein). Þess vegna eiga starfsmenn sem grunaðir eru um ofbeldi eða aðra óviðeigandi hegðun skilyrðislaust að vera í leyfi. Það að starfsmaður sé settur í leyfi hefur lögmætan tilgang samkvæmt Barnasáttmála og er þá aukaatriði hvort starfsmaður upplifi það sem íþyngjandi að vera í leyfi. Þessi kafli var ekki í fyrri verkferli og bætir alls ekki hag barna miðað við Barnasáttmála. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekinn verði út kaflinn: Nánar um ákvörðun um leyfi starfsmanns Stjórnanda getur verið rétt eða skylt að ákveða að starfsmaður sé í leyfi á meðan á könnun máls stendur. Ákvörðun eða samkomulag um leyfi starfsmanns þarf að byggja á málefnalegum sjónarmiðum, hafa lögmætan tilgang og má ekki vera meira íþyngjandi gagnvart starfsmanni en nauðsyn krefur. Í þessu felst að ekki er heimilt að ganga lengra í ákvörðun um leyfi en nauðsynlegt er til að ná fram þeim tilgangi sem að er stefnt, svo sem um hvort og hve lengi leyfið skuli standa, hvort færa eigi viðkomandi tímabundið til í starfi eða ákveða að viðkomandi sinni starfi í fjarvinnu. Í kafla 5.3 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. janúar 2023
13. Barnasáttmáli var lögfestur fyrir 10 árum á Íslandi og er alveg skýr um að það megi ekki beita börn ofbeldi (19. grein) og að allar ákvarðanir sem tengjast börnum skuli teknar með hag þeirra í hug (3. grein). Þess vegna eiga starfsmenn sem grunaðir eru um ofbeldi eða aðra óviðeigandi hegðun skilyrðislaust að vera í leyfi. Stjórnendur eiga ekki að þurfa að meta slíkt áður en mál hafa verið rannsökuð. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekinn verði út kaflinn Ástæður leyfis starfsmanns í málum samkvæmt verkferli þessum geta til dæmis verið að:  ekki þyki heimilt að hafa starfsmann að störfum þar sem hann er grunaður um brot í starfi sem myndi, ef sannað er, leiða til þess að honum væri ekki heimilt að sinna starfinu.  það er mat stjórnanda að viðvera starfsmanns á vinnustað valdi skaða fyrir starfseminu. Í kafla 5.3 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. Janúar 2023.
14. Mjög mikilvægt er að börn njóti verndar gegn ofbeldi samkvæmt 19. Grein Barnasáttmála og að ákvarðanir um þau skuli teknar með hag þeirra að leiðarljósi miðað við 3. grein Barnasáttmála. Ef Barnavernd eða lögregla eru





með mál hjá sér er það vegna gruns um ofbeldi og þá er ekki réttlætanlegt að starfsmaður vinni með börnum undir neinum kringumstæðum. Orðalagið gefur val um að starfsmenn sem grunaðir eru um ofbeldi vinni með börnum sem getur verið skaðlegt fyrir börn og er brot á þeirra réttindum. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekið verði út „getur verið ástæða til að“ og sett inn „skal“ í setningunni „Ef mál er til rannsóknar hjá lögreglu eða Barnavernd Reykjavíkur getur verið ástæða til að framlengja leyfið þar til niðurstaða er komin í mál hjá þeim aðilum.“ í 6. efnisgrein kafla 5.6 skjalsins Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. Janúar 2023.

15. Mikilvægt er að viðbrögð við kynferðisbrotum og öðru ofbeldi séu samræmd svo börn njóti verndar gegn öllu ofbeldi eins og þeim ber samkvæmt 19. grein Barnasáttmála. Til viðbótar er það að grunað ofbeldisfólk vinni með börnum brot á 3. Grein barnasáttmála sem segir að allar ákvarðanir sem varða börn skuli teknar með þeirra hag í huga. Það gefur augaleið að það eru ekki hagsmunir barna að fólk sem er rannsakað af lögreglu fyrir ofbeldi vinni með börnum. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að bætt verði inn orðunum „og/eða annars ofbeldis“ á eftir orðinu „kynferðisbrot(a)“ á þremur stöðum í greininni

A Í tilvikum meintra kynferðisbrota getur starfsmaður komið aftur úr leyfi þegar: i. lögregla, sem farið hefur með mál er varðar meint kynferðisbrot, hefur tilkynnt að rannsókn verði hætt þar sem ekki sé talinn grundvöllur til áframhaldandi rannsóknar, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og eins mánaðar frestur til að kæra þá ákvörðun lögreglustjóra til ríkissaksóknara er liðinn án þess að ákvörðun hafi verið kærð, sbr. 6. mgr. sömu greinar. ii. ríkissaksóknari hefur, í kjölfar kæru, staðfest ákvörðun um að hætta rannsókn máls er varðar meint kynferðisbrot. Greinin er í kafla 5.3 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. Janúar 2023.

16. Í fyrsta lagi er þetta orðalag mjög óljóst og í öðru lagi samræmist það ekki hag barna samkvæmt 3. grein Barnasáttmála. Það er ekki í samræmi við 19. grein Barnasáttmála um vernd gegn ofbeldi að starfsmenn sem eru rannsakaðir af lögreglu fyrir ofbeldi vinni með börnum og á ekki að þurfa að fara eftir gildismati um hvað eru „alvarleg brot“. Börn eiga rétt á vernd gegn öllu ofbeldi og ef lögregla telur að ástæða sé til þess að rannsaka brot er enginn vafi á að starfsmaðurinn á ekki að vinna með börnum. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að felld verði út setningin „Til álíta getur komið að fara einnig



skv. liðum B i og ii hér að framan í tilviki alvarlegra brota og skal þá haft samráð við lögfræðipjónustu skóla- og frístundasviðs.“ Sem er í lok kafla 5.3 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. Janúar 2023.

17. Lykilatriði er að foreldrar fái að vita hvenær og hvort starfsmaður sem grunaður er um ofbeldi eða aða óviðeigandi hegðun sé við störf svo þeir geti tekið ákvarðanir í samræmi við 3. grein barnasáttmála en þar kemur fram að foreldrar skuli taka ákvarðanir miðað við hag barna sinna. 1. mgr. 7. gr. Upplýsingalaga nr. 140/2012 á ekki við um þetta enda fjallar hún um „mál[um] sem varða umsóknir um starf, framgang í starfi eða starfssambandið að öðru leyti.“ Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að bætt verði inn setningunni „Foreldrar barns/barna sem grunur er að orðið hafi fyrir ofbeldi eða annarri óviðeigandi framkomu skulu alltaf vera upplýstir um það hvort starfsmaðurinn sem um ræðir er í vinnu og vera upplýst ef hann kemur aftur til vinnu.“ á eftir setningunni „Ef þörf þykir er heimilt að gefa starfsfólki og foreldrum þær upplýsingar að starfsmaður sé í leyfi.“ Í lok kafla 5.4 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. Janúar 2023.
18. Það á ekki að vera neitt val um að boða foreldra á fund heldur er það sjálfsagt í slíkum aðstæðum og mikilvægt miðað við 3. grein Barnasáttmála svo foreldrar geti sinnt sinni skyldu samkvæmt greinni. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekið verði út „ , t.d.“ í setningunni „Þegar niðurstaða er komin í málið er það stjórnanda starfsstaðar að bregðast við með viðeigandi hætti, t.d. með því að boða foreldra barns á fund, greina frá niðurstöðum máls og loka málinu með formlegum hætti.“ í 1. Málsgrein í kafla 5.5 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. Janúar 2023.
19. Í fyrri verkferlum var alveg skýrt að börnum var alltaf boðinn stuðningur en þar kom fram „Ef mál heldur ekki áfram ber stjórnanda engu að síður að bjóða ráðgjöf og stuðning skólans til handa nemandanum“. Engin ástæða er til þess að breyta þessu og takmarka stuðning við þau tilfelli þar sem foreldrar eru ósátt við málsmeðferð. Alltaf skal taka ákvarðanir með hag barna að leiðarljósi samkvæmt 3. grein Barnasáttmála og börnum sem hafa upplifað erfiðleika sama hvort sannast hefur að ofbeldi eða önnur óviðeigandi hegðun hafi átt sér stað eiga rétt á því að þeim sé boðinn stuðningur. Í því ljósi kemur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð þeirri



ábendingu til skóla- og frístundasviðs að tekin verði út setningin „Ef til sáttameðferðar kemur er einnig unnt, að fengnu samþykki foreldra, að leita til miðstöðvar varðandi stuðning til handa barni og/eða foreldrum“ og sett inn setningin „Sama hverjar lyktir máls eru skal bjóða ráðgjöf og stuðning til barns eða barna sem eiga í hlut“ í 2. málsgrein í kafla 5.5 í skjalinu Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi sem samþykkt var 25. Janúar 2023.